Ísafjarðarbær
B.t. skipulagsfulltrúa
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

VERKNÚMER:	DAGS.:	NR.:
85043-022	2022-11-04	1

Skipulagsgerð vegna tengivirkis við Mjólkárvirkjun

Landsnet áformar að reisa yfirbyggt tengivirki við Mjólkárvirkjun sem mun leysa hluta núverandi tengivirkis af hólmi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum jarðstreng frá tengivirkinu, þ.e. Mjólkárlínu 2. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Fyrirhugað tengivirki verður staðsett við hlið núverandi tengivirkis sem stendur á sameiginlegu svæði Landsnets og Orkubús Vestfjarða í landi Borgar. Framkvæmdin verður unninn í samstarfi við Orkubú Vestfjarða.

Í gildi er deiliskipulagið Mjólkárvirkjun sem var samþykkt 15. apríl 2010 og síðar breytt í febrúar 2018. Þar er gert ráð fyrir endurnýjun tengivirkja (spennivirkja) í Borgarfirði og byggingu yfir þau. Tengivirkið er innan iðnaðarsvæðis i1 samkvæmt gildandi aðalskipulagi og er svæðið ætlað fyrir Mjólkárvirkjun og tilheyrandi mannvirki, s.s. tengivirki. Í aðalskipulaginu er tilgreint að bætt afhendingaröryggi raforku sé forgangsatriði.

Fyrirhuguð framkvæmd kallar á breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingin mun felast í að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir yfirbyggt tengivirki og tengda starfsemi. Núverandi byggingarreitir 3 og 7 minnka en ákvæði þeirra eru óbreytt. Einnig er gert ráð fyrir nýjum streng, Mjólkárlínu 2, frá tengivirkinu til vesturs.

Fyrir hönd Landsnets er óskað eftir heimild til að vinna breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Mjólkárvirkjun og í framhaldinu verði meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekin til meðferðar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Virðingarfyllst, f.h. Landsnets
Erla Bryndís Kristjánsdóttir

Verkís hf.
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
422 8000
verkis.is | verkis@verkis.is
Starfsstöðvar:
300 Akranesi, Stillholti 16-18
310 Borgarnesi, Bjarnarbraut 8
400 Ísafirði, Hafnarstræti 1
603 Akureyri, Austursíðu 2
640 Húsavík, Garðarsbraut 19
700 Egilsstöðum, Kaupvangi 3b
800 Selfossi, Austurvegi 10